



Myndverk Sverris Ólafssonar

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Í eystri gangi Kjarvalsstaða hefur Sverrir Ólafsson myndlistarmaður komið fyrir nokkrum skúlptúrverkum, er hafa staðið þar, hangið í lausu lofti eða fest á vegginn þessar síðustu verkfallsvikur. Hefur staðið á ýmsum tilfæringum allan sýningar-tímamann, húsinu hefur verið lokað og opnað á víxl en nú að afstöðnu verkfalli gefst fólki loks kostur á því að skoða þau í friði fram á sunnudagskvöld.

Sverrir er menntaður úr Myndlista- og handíðaskóla Íslands og hefur gert víðreist um Evrópu og Bandaríkin.

Gerandinn hélt sýningu í hinum margfræga sýningarsal FÍM við Laugarnesveg meðan hann var og hét og vakti hún nokkra athygli þeirra er á þann stað villtust af tilviljun.

Þegar fyrri sýning gerandans einkenndist mest af ríkri viðleitni til fágunar og einfaldleika þá einkenndist þessi af umbúðalausum, kröftugum vinnubrögðum í ætt við það sem efst er á baugi í framúrsteftnugalleríum heimsins.

Það hefur þannig orðið mikil breyting á vinnubrögðum Sverris Ólafssonar hin síðari ár og þá aðallega í útfærslu myndverkanna en maður kennir sama manninn á bak við handverkið.

Sýningin ber það öll með sér,

að mikil gerjun og umbrot eiga sér stað í myndheimi gerandans og að hann hafi ennþá ekki náð þar öruggri fótfestu. Allt er þó á leiðinni og hin hrifmestu verk á sýningunni eru í senn einföld og sterk og vil ég þá einkum vísa til verkanna „Myndhöggvarinn“ (1), „Snoppufrið“ (7), „Grima“ (17), „Blámann og blómarós“ (21) og „Kasper, Jesper og Jónatan“ (28).

Flestar myndanna eru unnar í næsta óvenjulega tækni hér á landi, en þær eru mótaðar í stál og málaðar með olíulitum.

Þetta er hressileg frumraun á nýju sviði hjá Sverri Ólafssyni og nú gildir að fylgja unnum áfanga fast eftir — slaka hvergi á.

Hárígræðsla í Danmörku

Veiti aðstoð og ráðleggingar þeim, sem hyggjast fá hárígræðslu hjá „Hair Consult Scandinavia“ í Kaupmannahöfn eða TCC í Englandi. Sömu lækningar á báðum stöðum. Kynnið ykkur verð og greiðsluskilmála.

Upplýsingar í síma 614233 á kvöldin.

Sigurður L. Viggósson.
tannlæknir.

Blaðburðarfólk óskast!



í eftirtalin hverfi:

Grafarvogshverfi
Skeifunni

Morgunblaðið



Beint úr ræktunarhúsinu



Stór-helgartilboð á pottaplöntum

Sjáið okkar verð:

Kærleikstré (50 cm)	95.-
Lea Coccinea (30 cm)	105.-
Drekatré (45 cm)	195.-
Skotglaða Hanna (Pilea)	115.-
Hengihnoðri	69.-
Aspas-Springeri	135.-

Tilboðið gildir bara þessa helgi.



blómaval



Gróðurhúsinu við Sigtún: Símar 36770-686340